



ÚTIVIST

Leggðu land undir fót með okkur

Reykjavík, 5. febrúar 2013

Nefndarsvið Alþingis
Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/1394
komudagur 7.2.2013

Efni: Umsögn Útivistar um frumvarp til Náttúruverndarlaga, þingskjal 537 – 429. mál

Í Hvítbók sem er grundvöllur frumvarps til nýrra náttúruverndarlaga kemur fram að mjög hafi verið þrengt að almannarétti á síðustu áratugum og ekki verður annað skilið en að það sé meðal markmiða nýrra laga að styrkja að nýju almannaréttarákvæði í lögnum. Nokkrar breytingar í þá veru má finna í frumvarpinu og má þar benda á 29. gr. þar sem fjallað er um úrlausn við ólögsmætum hindrunum, en Útivist benti á sínum tíma á brýna þörf fyrir slíkt ákvæði. Það vekur þó furðu og veldur vonbrigðum að ekki sé gengið lengra í þá átt að tryggja almannarétt og í raun grundvallarþættir almannaréttar nánast gerðir óvirkir þrátt fyrir að almannaréttur hafi ávallt verið eitt helsta einkenni norræns réttar um aldir og árpúsund.

Umferð gangandi fólks um óræktað land

Í 19. gr. frumvarpsins er fjallað um umferð gangandi fólks um óræktað eignarland. Þar er landeiganda heimilt að banna för um óræktað land vegna nýtingar eða verndunar. Í athugasemdum við greinina kemur fram að samsvarandi heimild í núgildandi lögum sé opin og víðtæk án þess að gerð sé krafa um að landeigandi sýni fram á raunverulega þörf á að loka fyrir gangandi umferð. Það ákvæði var þó ekki að finna í eldri lögum sem höfðu ávallt haft almanna- og umferðarrétt í hávegum. Mikil þörf er á að þrengja þessa heimild landeiganda. Breytt eignarhald á jörðum víða um land hefur fjölgað mjög tilvikum þar sem almenningi er meinuð för um óræktað land. Hætt er við að þeir fyrirvarar sem settir eru fram í greininni séu ekki nægjanlegir til að tryggja almannarétt og heimildin til að banna umferð sé þrátt fyrir breytt orðalag ennþá alltof rúm þar sem ekki verður annað séð en að landeiganda sé í sjálfsvald sett að meta hvenær skilyrði til lokunar séu til staðar. Í náttúruverndarlögum frá 1956 eru einu takmarkanirnar sem settar eru við för almennings um óræktað eignarland að *slíkt hafi ekki í för með sér mikið óhaggræði fyrir eigandann*. Við teljum að takmarkanir á heimild landeiganda til að loka fyrir umferð um óræktað land þurfi að vera mun þrengri en hér er lagt til og meira í stíl við þann forna almannarétt sem lögin frá 1956 byggja á. Ef nauðsynlegt er að landeigandi geti sett slíkar takmarkanir leggjum við til að það sé háð samþykki Umhverfisráðuneytisins eða Umhverfisstofnunar. Þá fylgi þær kvaðir að kjósi landeigandi að loka óræktuðu landi skuli hann engu að síður tryggja leiðir fyrir göngufólk um landið. Best færi á því að færa þetta ákvæði aftur til þess sem var í náttúruverndarlögum frá 1956 þar sem hinn forni umferðarréttur almennings um eignarlönd var í heiðri hafður.

Umferð meðfram ám, vötnum og sjávarströnd

Í náttúruverndarlögum frá 1971 og 1996 er ákvæði sem tryggja eiga frjálsa för almennings meðfram sjávarströnd, vatnsbakka og árbakka. Í náttúruverndarlögum frá 1999 tók þetta ákvæði nokkrum breytingum. Ákvæðið er nú að finna í 26. grein frumvarpsins, en þar þarf að bæta við þeirri kvöð sem áður var í lögum að sé girt fram á bakka sé landeiganda skylt að hafa hlið eða stiga yfir girðingu. Nauðsynlegt er að uppfæra sveitarstjórnir og landeigendur um þessa skyldu. Ekki þarf annað en að ganga umhverfis Elliðavatn til að sjá beinar afleiðingar þessarar breytingar, en þar má víða finna hindranir sem koma í veg fyrir að hægt sé að fylgja vatnsbakkanum. Það er okkar mat að brýnt sé að færa þetta ákvæði aftur til fyrra horfs í lögin um náttúruvernd, ekki síst í ljósi þeirra markmiða lagasetningarinnar að styrkja almannarétt og safna þar saman öllum lagaákvæðum sem snúa að þessum mikilvægu réttindum almennings svo að íslenskum fjölskyldum verði ekki meinað að ganga meðfram vötnum og ám.

Í 22. gr. frumvarpsins er fjallað um umferð um vötn. Þar segir að heimilt sé að *fara á bátum um öll skipgeng vötn*. Þetta orðalag sem á uppruna sinn í vatnalögum frá 1923 er í meira lagi undarlegt og er barn síns tíma. Það var felld út við endurskoðun vatnalaga sem voru samþykkt sem nr. 20/2006 en tóku ekki gildi. Þar var lagt til að eftirfarandi breyting yrði gerð á náttúruverndarlögum, en þar átti að tryggja betur en áður rétt almennings til umferðar um ár og vötn og ákvæðið eftirfarandi „Almenningi er heimil för um vötn, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum þessum“.

Það að takmarka rétt almennings til að fara á bátum um ár og vötn við skipgeng vötn þýðir að stór hluti vatnsfalla er útilokaður og áhugafólki um siglingar nánast gert ófært að stunda áhugamál sitt. Þó vissulega hafi þessu ákvæði ekki verið fylgt eftir í hvívetna og víða látið átölulauast að siglt sé á bátum á vötnum og ám sem ekki eru skipgeng, má þó finna dæmi þess að þetta ákvæði hafi verið nýtt til að hindra siglingar á bátum eða kayökum. Við skorum því á Alþingi að fella hér á brott orðið „skipgeng“.

Ákvæði um akstur.

Í athugasemdum við frumvarpið, IV kafla kemur fram sá skilningur að akstur á ökutækjum falli ekki undir almannarétt. Þessi túlkun á almannarétti er ekki í samræmi við okkar skilning og er á margan hátt óheppileg. Algengast er að ferðafólk verði fyrir hindrunum og lokunum áður en bifreiðin er yfirgefin, á leið að upphafsstað göngu eða á áfangastað. Sem dæmi er mun líklegra að hindrun sé í vegi á leið að fjallsrótum frekar en í fjallgöngunni sjálfri. Þessi sýn á almannarétt sem þarna kemur fram dregur því verulega úr gildi hans fyrir ferðafólk. Þetta er sérstaklega bagalegt í ljósi þeirra breytinga á eignarhaldi á landi sem áður er nefnt og hefur leitt til þess að það verður sífellt algengra að landeigendur loki vegum sem liggja í gegnum þeirra landareign, jafnvel þó um sé að ræða vegi sem lagðir eru fyrir almannafé. Almennaréttur fyrir umferð á ökutækjum er því mikilvægur, en hann mætti tengja 32. gr. þannig að *almennigur hafi rétt á að fara um þá vegi og vegslóða sem leyfilegir eru samkvæmt kortagrunni, nema sérstakar ástæður kveði á um annað samkvæmt lögum þessum*.

Í annarri málsgrein 31. gr. fær ráðherra heimild til að banna akstur á snjó og jöklum þar sem hætta er á náttúruspjöllum eða óþægindum fyrir aðra sem þar eru á ferð. Þessi heimild eins og hún er orðuð er of opin og óljóst hvernig mat fer fram á því hvað eru óþægindi fyrir aðra. Á afmörkuðum stöðum innan Vatnajökulsþjóðgarðs gilda sértækar takmarkanir á akstri sem byggja á sömu hugmynd, þ.e. að koma í veg fyrir árekstra ólíkra ferðahópa. Slík takmörkun gildir um umferð á Hvannadalshnjúk og innan öskju Örfajökuls á afmörkuðu tímabili, en sú útfærsla sem þar er í gildi er að miklu leyti byggð á athugasemdum SAMÚT, Samtaka útivistarfélaga. Um þessar reglur hefur frá upphafi ríkt góð sátt.

Við teljum að heimild til svæðalokunar af þessu tagi eigi að vera háð því að haft sé samráð við fulltrúa ferðafólks og SAMÚT er rétti vettvangurinn fyrir slíkt samráð.

Virðingarfyllst,
f.h. Ferðafélagsins Útivistar.



Skúli H. Skúlason

framkvæmdastjóri

Sími 894 2920

Netfang skuli@utivist.is